

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

ÚTHLUTUN STYRKJA ÚR RANNSÓKNASJÓÐI

14. FEBRÚAR 2011

Inngangur

Í nóvember 2010 hóf Ríkisendurskoðun forkönnun á Rannsóknasjóði sem er samkeppnissjóður í umsýslu Rannsóknamiðstöðvar Íslands (RANNÍS). Greining fyrirbyggjandi gagna og viðtöl við RANNÍS, stjórnar- og fagráðsmenn sjóðsins, Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs og mennta- og menningarmálaráðuneyti gáfu ekki tilefni til frekari úttektar. Ríkisendurskoðun vill þó beina eftirfarandi ábendingum til ofangreindra aðila.

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir hér á landi. Sjóðurinn starfar í samræmi við lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003. Þar kemur m.a. fram að úthlutanir skuli miðast við stefnumótandi áherslur Vísinda- og tækniráðs hverju sinni. Opinber framlög til Rannsóknasjóðs hafa hækkað úr 415 m.kr. árið 2004 í 815 m.kr. árið 2010. Á sama tíma hækkuðu styrkumsóknir úr 827 m.kr. í 1,5 ma.kr. Úthlutunarstefna sjóðsins breyttist á tímabilinu og gengur nú út á að styrkja verkefni að fullu. Meðalupphæð styrkja hefur því nánast tvöfaldast. Rannsóknasjóður hefur veitt rúmlega 4,1 ma.kr. í styrki á tímabilinu 2004–2010.

Styrkveitingar sem hlutfall af umsóknum er lágt hjá Rannsóknasjóði enda fjármagn takmarkað og ásókn í styrki mikil. Árið 2009 var þetta hlutfall 23,5% og 18,5% árið 2010. Hjá fagráðsmönnum var það talsvert hærra. Árið 2009 sóttu fjórir fagráðsmenn um styrk og þrjú fengu. Árið 2010 sóttu tíu um og hlutu fjórir styrk. Á tímabilinu 2004–2010 hlutu starfandi fagráðsmenn 8,1% af veittri heildarfjárhæð sjóðsins til nýrra verkefna. Tekið skal fram að í fagráð veljast oft fremstu vísinda- og fræðimenn landsins.

Fagráð og mat á umsóknum

Síðastliðin tvö ár hefur RANNÍS lagt ríka áherslu á að bæta verklag við meðferð umsókna, faglegt mat og styrkveitingar. Reglur og leiðbeiningar fyrir umsækjendur koma út árlega. Þar koma m.a. fram þau skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla, leiðbeiningar vegna umsókna og lýsingar á matsferli þeirra. Hins vegar er ekki tilgreint í hvaða tilfellum megi krefjast endurgreiðslu styrkja né hvaða ferli skuli þá fylgja.

Faglegt mat er forsenda þess að tryggja megi gæði verkefna sem hljóta styrk. Fjögur fagráð meta umsóknir eftir fagsviðum sem eru verkfræði, tæknivísindi og raunvísindi; náttúruvísindi og umhverfisvísindi; heilbrigðis- og lífvísindi og félagsvísindi og hugvísindi.

Í hverju fagráði sitja sjö meðlimir sem eru skipaðir til tveggja ára. A.m.k. þrjú fagráðsmenn fara yfir hverja umsókn, auk þess sem sérfræðingar erlendis frá veita ráðgefandi mat, að jafnaði tveir fyrir hverja umsókn. Þetta eykur að mati Ríkisendurskoðunar mjög á trúverðugleika úthlutunar. Ef fagráðsmaður sækir um styrk hjá sínu fagráði er umsókn hans send til annars fagráðs til afgreiðslu þótt hugsanleg úthlutun sé skráð á það fagráð sem umsækjandinn situr í. Vísindanefnd ákveður fjölda fagráða, tilnefnið formenn þeirra og skipar fagráðsmenn. Ítarlegum verkferlum er fylgt við mat á umsóknum. Rík áhersla er lögð á að fyrirbyggja að persónulegir hagsmunir eða tengsl hafi áhrif á mat og forgangsörðun umsókna, m.a. með skýrum reglum um vanhæfi fagráðs- og stjórnarmanna. Stjórn Rannsóknasjóðs tekur endanlegar ákvarðanir um styrkveitingar og hefur fyrir reglu að byggja þær á hinu faglega mati. Hún getur þó jafnað út styrkjum milli fræðigreina ef umsóknir eru metnar faglega jafnvígar.

Sumir umsækjendur geta einungis sent umsókn til eins fagráðs en aðrir til tveggja eða jafnvel þriggja. Að þessu leyti njóta umsækjendur ekki jafnræðis. Þá hefur verið bent á að smæð íslensks vísindasamfélags og tengsl milli manna geri það að verkum að erfitt sé að tryggja óhlutdrægni við úthlutun. Hætta sé á því að óhæði fagráðsmanna verði dregið í efa vegna slíkra tengsla.

Niðurstöður og ábendingar

Verklag Rannsóknasjóðs er mun faglegra og gegnsærra en áður eftir umbótastarf síðustu tveggja ára. Sjóðurinn leggur metnað í að faglegt mat á umsóknum sé ávallt lagt til grundvallar við úthlutun styrkja. Smæð íslensks vísindasamfélags skapar hins vegar hættu á því að persónulegir hagsmunir og/eða tengsl milli manna hafi áhrif á matið. Ábendingar Ríkisendurskoðunar eru eftirfarandi:

LAGT ER TIL AÐ FAGRÁÐIN VERÐI AÐ HLUTA SKIPUÐ ERLENDUM SÉRFRÆÐINGUM. ÞAÐ MYNDI M.A. TRYGGJA BETUR AÐ HIÐ FAGLEGA MAT VÆRI HAFIÐ YFIR VAFA UM ÓHLUTDRÆGNI.

META ÞARF ÁVINNING ÞESS AÐ STOFNA EITT FAGRÁÐ FYRIR ALLAR FRÆDIGREINAR Í STAÐ ÞEIRRA FJÖGURRA SEM NÚ ERU. FAGRÁÐSMENN ÞYRFU ÞÁ VÆNTANLEGA AÐ VERA FLEIRI EN SJÖ SEM KALLAR Á LAGABREYTINGU.

LAGT ER TIL AÐ SETTAR VERÐI REGLUR UM AÐ STYRKIR SKULI ENDURGREIDDIR EF SKILYRÐI ÞEIRRA ERU EKKI UPPFYLLT. REGLURNAR VERÐI KYNNTAR UMSÆKIENDUM.